

Fundargerð 347. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2012, miðvikudaginn 20. júní kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Már Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson og Guðný Sverrisdóttir var í símasambandi frá Grenivík.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson, starfsmaður HÍ, og ritaði hann fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 346. fundar - 1202002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 346. fundar frá 15. maí 2012.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnasambandsþings í Vestmannaeyjum 20. og 21. september nk.

Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt og starfsmanni falið að senda dagskrána út til hafnanna. Einnig samþykkt að leggja til við hafnasambandsþingið að skipaðar verði þrjár starfsnefndir á þinginu: Allsherjarnefnd, hafnalaganefnd og þróunarnefnd. Gjaldkera falið að leggja fram á næsta fundi drög að fjárhagsáætlun 2013-2014 ásamt yfirliti um greiðslur einstakra hafna á sama tímabili.

3. Arctic Maritime and Aviation Infrastructure Initiative (AMATII) - 1206015HA

Lagt fram erindi innanríkisráðuneytisins, dags. 14. júní 2012, þar sem spurt er hvort hafnasambandið hafi áhuga á að eiga fulltrúa í sérfræðingahópi í verkefni sem snýst um að kortleggja innviði á norðurslóðum.

Samþykkt að tilnefna Hörð Blöndal, hafnarstjóra Hafnasamlags Norðurlands, í sérfræðingahópinn.

4. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Fulltrúar hafnasambandsins í nefnd sem hefur endurskoðað hafnalög, Gísli Gíslason og Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, gerði grein fyrir fundi sem nefndin átti með innanríkisráðherra 29. maí 2012. Fulltrúar hafnasambandsins lögðu áherslu á það við ráðherra að frumvarp um breytingar á hafnalögum verði lagt fram snemma á þingi næsta haust.

5. Rekstrarform hafna - 1108001HA

Már Sveinbjörnsson greindi frá breytingum sem gerðar hafa verið á hafnarreglugerð Hafnarfjarðarhafnar til þess að uppfylla skilyrði hafnalaga um að rekstrarform hafnarinnar sé „Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags“.

Samþykkt að vekja athygli hafnanna á því að það geti þurft að breyta hafnarreglugerðum einstakra hafna, sem og vinnulagi hafnarstjórna og sveitarstjórna, ef rekstrarformið á að vera „höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags“.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 24. ágúst kl. 11:00.

Fundi var slitið kl. 12:10.

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Ólafur Örn Ólafsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

ritari